



Nýársávarp
forseta Íslands
Sveins Björnssonar
1. janúar 1946

Ársins, sem nú er liðið, mun lengi verða minnst í sögunni vegna þess að á því ári lauk ófriðinum mikla, sem staðið hafði nær 6 ár. Fögnuðurinn yfir friðnum var mikill og einlægur víða um heim, einnig hér á landi.

Við fögnuðum því, að nú væri endir bundinn á ægilegar tortímingar hins miskunnarlausu hernaðar. Við fögnuðum því, að undirokuðu þjóðirnar leystust úr margra ára ánauð og kúgun og endurheimtu frelsi sitt, þar á meðal frændþjóðir okkar í Danmörku og Noregi. Við fögnuðum því, að nú gátu skipin, skip okkar og annarra, siglt um höfin án þess að eiga á hættu lyskulegar og grimmdarfullar árásir kafbátanna, sem lágu í leyni til þess að granda skipum og myrða saklaust fólk. Við fögnuðum því, að nú mundum við losna við harmafregnirnar af þeim völdum, sem dunið höfðu hvað eftir annað yfir okkar fámennu þjóð.

Við hlökkuðum til þess, að geta lagt okkar skerf til þess að byggja upp nýja veröld á rústum þeim, sem ófriðurinn lét eftir sig, betri veröld en áður hefði verið. Veröld þar sem nóg var að starfa fyrir alla og enginn þyrfti að líða skort.

Það liggur í hlutarins eðli, að friður hefir seiðmagn fyrir íslensku þjóðina. Við viljum ekki og getum ekki átt í ófriði við aðra.

Þau þáttaskipti sem hófust á árinu eru ekki auðveld. Margt sem gerst hefir síðasta misserið minnir á það. Þótt hætt sé vopnaviðskiptum í flestum löndum - ekki öllum þó - þá er fjari því að lokið sé miklum hörmungum, sem eiga rætur sínar að rekja til ófriðarins víða um heim. Og hvert sem litið er blasa við svo að segja allstaðar örðugleikar, sem þarf þol og þrótt, hugprýði og elju til að vinna bug á.

Í lok ófriðarinn mikla 1914-18 féll okkur í skaut ávöxtur af þrautseigri baráttu forfeðra okkar. Þá viðurkenndu Danir fullveldi Íslands. Við, sem farnir eru að reskjast, munum erfiðu árin þar á eftir, sem voru svo erfið, að sumir hrakspáir menn töldu okkur ekki megnuga þess að vera fullvalda ríki. Þrátt fyrir víxlspor tókst okkur að komast yfir örðugleikana þá.

Nú rétt fyrir ófriðarlokin komum við á því stjórnskipulagi, sem allur þorri þjóðarinnar hefir trú á að henti okkur best. Það verður hlutverk núlifandi kynslóðar, ekki síst þeirra, sem ungir eru, að sanna okkur sjálfum og öllum heiminum, að Íslendingar séu þess megnugir að halda uppi menningarríki, sem þeir, og þeir einir ráði og beri ábyrgð á, með því stjórnarformi sem þjóðin hefir kosið sjálf.

Vegna þess tortímingarófriðar, sem verið hefir í heiminum undanfarin ár verður þetta enn örðugra.

En við Íslendingar skulum minnast þess, að oft á tímum hafa einmitt örðugleikarnir stælt þrek og þrótt þjóðarinnar til átaka, sem hrakspáir menn mundu hafa talið ofurefli. Við skulum vona að svo verði enn.

Sumum mun hætta við að treysta um of á það, að við höfum nú eignast meiri fjármuni, mælt á mælikvarða peninga, en nokkru sinni fyrir síðan á söguöld. Einn þeirra Íslendinga, sem fyrir rúmri öld hóf merki frelsisbaráttu okkar á tímum, sem myrkur grúfði yfir þjóð okkar og hafði grúft þá lengi, komst svo að orði:

„Það eru ekki landkostir og blíðviðri og gull og silfur og eðalsteinar, sem gera þjóðirnar farsælar, völdugar og ríkar, heldur það hugarfar og andi, sem býr í þjóðinni.“

Þótt við eigum mikið ólært enn í því efni, hafa þessi orð að sumu leyti sannast á okkur Íslendingum síðan þau voru rituð. Því meiri ástæða getur verið til þess að beina nú huganum að því, að það verða ekki fjármunir, sem við höfum eignast á undanförmum árum, sem reynast munu einhlítir til þess að gera þjóðina farsæla og ríka, heldur það hugarfar og sá andi, sem býr með henni. Það er trú mín að uppistaðan í hugarfarinu verði að vera það, sem okkur hefir um aldir verið kennt að mest sé í heimi: kærleikurinn.

Það er ósk mín og bæn á þessum fyrsta degi ársins, að kærleikurinn megi móta orð okkar og athafnir í sem ríkustum mæli nú og um alla framtíð. Að máttur kærleikans megi styrkja okkur og leiðbeina í samfélagi einstaklinganna og í opinberu lífi. Þá hygg ég að við getum horft með meira hugrekki og með meiri von um farsæld fram í tímann.

Með þessum orðum óska ég öllum þeim, sem heyra mál mitt gleðilegs nýárs.